



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 14/2019

Ákvörðun um dagsektir vegna fullyrðinga Base Capital

I.

Málsmeðferð

1.

Hinn 23. janúar 2019 tók Neytendastofa ákvörðun nr. 5/2019 í málinu „*Fullyrðingar Base Capital um BaseParking*“. Í ákvörðuninni kemur fram að Base Capital hafi brotið gegn ákvörðun Neytendastofu, frá 19. mars 2018, í máli nr. 1/2018 auk þess sem stofnunin taldi auglýsingar Base Capital á vefsíðu BaseParking um fría „valet“ þjónustu í verðskrá villandi og brjóta gegn 1.mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 20. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir. Base Capital var með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. sömu laga bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti og gert að breyta markaðsefni sínu og upplýsingum á vefsíðu. Tók bannið gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Þá var með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 lögð stjórnvaldssekt á Base Capital ehf., að fjárhæð kr. 250.000- (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur).

2.

Þann 20. febrúar 2019 var fullyrðingar Base Capital í markaðsefni BaseParking enn að finna en um var að ræða fullyrðingar um „*ódyrasta daggjaldið*“ og „*58% ódyrara daggjald*“ í Google Adword auglýsingum. Þá voru auglýsingar Base Capital á vefsíðu BaseParking um fría „valet“ þjónustu í verðskrá, enn óbreyttar. Þann 25. febrúar sendi Neytendastofa Base Capital bréf þar sem fyrirtækinu var gefinn lokafrestur til 11. mars 2019 til að fara að banninu og koma að skýringum eða athugasemdum. Að þeim tíma liðnum mætti búast við að viðurlögum skv. 23. gr. laga nr. 57/2005 yrði beitt.

Ekkert svar hefur borist stofnuninni.



II. Niðurstaða

1.

Mál þetta snýr að því hvort Base Capital ehf. hafi farið að fyrri ákvörðunum Neytendastofu um fullyrðingar í markaðsefni félagsins og upplýsingum í verðskrá. Sem að framan greinir þá var niðurstaða ákvörðunar Neytendastofu nr. 5/2019 sú að Base Capital hefði brotið gegn ákvörðun stofnunarinnar nr. 1/2018, félaginu gert að breyta markaðsefni sínu og því bannað að viðhafa fyrrgreinda viðskiptahætti. Þá var lögð stjórnvaldssekt á fyrirtækið.

Ákvörðunarorð fyrrnefndrar ákvörðunar Neytendastofu hljóða svo:

„Base Capital ehf., Dalahíngi 34, Kópavogi, rekstraraðli BaseParking, braut gegn ákvörðun Neytendastofu, nr. 1/2018, Fullyrðingar í markaðsefni NO Capital á þjónustu BaseParking, með birtingu fullyrðinga um „ódyrasta daggjaldið“ og „58% ódyrara daggjald“.

Base Capital ehf. hefur með fullyrðingu um fría „valet“ þjónustu í verðskrá á vefsíðunni baseparking.is, brotið gegn 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 20. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Base Capital ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti og skal félagið gera viðeigandi breytingar á markaðsefni sínu og upplýsingum á vefsíðu innan fjögurra vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Base Capital ehf., að fjárhæð kr. 250.000- (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar. “

Samkvæmt athugun Neytendastofu þann 21. mars 2019 hefur Base Capital hvorki breytt markaðsefni sínu á Google Adword né á vefsíðu fyrirtækisins.

Í 23. laga nr. 57/2005 segir:

„Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Neytendastofa ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.“

Fyrir liggur að Base Capital hefur ekki farið að ákvörðun Neytendastofu nr. 5/2019, dags. 23. janúar 2019, þar sem m.a. var lögð stjórnvaldssekt á félagið fyrir brot gegn ákvörðun



stofnunarinnar nr. 1/2008. Að mati Neytendastofu er mikilvægt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila til að tryggja eðlilega viðskiptahætti en Neytendastofu þykir sýnt með athafnaleysi BaseParking að fyrirtækið muni ekki fara að ákvörðuninni. Með vísan til þessa telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita viðurlögum samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/2005 og þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Base Capital dagsektir að fjárhæð 100.000 kr. (hundraðþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu nr. 5/2019.

III. Ákvörðunarorð:

„Base Capital ehf., Dalapíngi 34, Kópavogi, hefur brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 5/2019.

Base Capital ehf. skal innan fjórtán daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar gera viðeigandi breytingar á markaðsefni sínu og upplýsingum á vefsíðu, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 5/2019. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal Base Capital greiða í ríkissjóð 100.000 kr. (hundraðþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðuninni.“

Neytendastofa, 3. apríl 2019

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir